

Stjórnarfundur í Neskirkju þann 11. 2 2013 kl 10 (bolludagskaffi)

Mætt eru Guðrún Karls Helgudóttir, Guðmundur Karl Einarsson og Kristján Kjartansson. Framkv.stjóri Sigríður Rún Tryggvadóttir, situr fundinn og ritar fundargerð

Guðrún setur fundinn með ritningalestri og bæn

Byrjað á ársreikningi ÆSKÞ.

Hagnaður um 1millj. Lítur vel út, sérstaklega miðað við hvernig þetta leit ú á aðalfundi í fyrra. Getum skrifað undir ársreikning. Bjart útlit. Skoðunarmenn reikninga, Pétur Þorsteinsson, Magnús Magnússon. Senda á þá. Framkvæmdastjóri ætlar að hafa samband við Magnús strax í dag.

Fyrir aðalfund;

Ræddar voru mögulegar lagabreytingar; önnur varðandi búsetuhlutfall og kynjahlutfall. Hin vegna skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra. Fallið frá þeim báðum. Gera starfsáætlun, framkvæmdarstjóri gerir starfsáætlun og sendir á stjórnina til samþykktar. Allt verður að vera tilbúið og fara í póst 20. febrúar.

Stjórnarfundir;

Stjórnin er fámenn, til að fundir virki og hægt sé að taka ákvarðanir þarf hann að vera löglegur. Ítreka að ef stjórnarfolk kemst ekki á stjórnarfundum að það láti vita og að það reyni að fá varamann í staðinn.

Svar við umsókn um rekstrarstyrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Fengum 200þús. í rekstrarstyrk, sem er töluvert minna en í fyrra. Höfum þá sama rekstrarfé og í fyrra, vegna hækkunnar styrksins frá Kirkjumálasjóði.

Verndum þau,

Fengum styrk fyrir tveimur námskeiðum. Annað verður á Ísafirði 18. mars, verður mjög dýrt. Styrkurinn nær ekki yfir kostnaðinn sem er umfram laun fyrirlesarans. En sambandið ætlar að taka á sig kostnaðinn sem styrkurinn nær ekki yfir. Hitt verður í Reykjavík, eftir að ákveða staðsetningu og dagsetningu, en það verður gert núna eftir að stjórnin samþykkti viðbótarkostnaðinn við Ísafjarðarnámskeiðið.

TTT-mót

Árlegt TTT-mót verður haldið í Vindáshlíð í Kjós þann 15. -16. mars. Verða að vera minnst 70 þátttakendur til að mótið standi undir sér.

Jesús lifir, spurningakeppnin fyrir 10-12 ára

ákveðið að taka þátt í undirbúningi og auglýsa fyrir Þjóðkirkju -hópum, en að framkvæmdastjóri taki ekki fullan þátt í framkvæmd.

Styrktarbeiðnir;

Fengum fyrir helgi styrktarbeiðni frá Kristniboðssambandinu. Ákveðið að taka hverja styrktarbeiðni fyrir og meta hvert tilfelli fyrir sig. Ef við erum beðin um að taka þátt í ákveðnum verkefnum viljum við vera með, en stjórninni finnst skrytið að gefa peninga í styrki sem við við höfum sjálf fengið í styrki fyrir starfsemi sambandsins.

Stjórnin ákvað að hafna styrkbeiðni SÍK þar sem það litla fé sem ÆSKP fær til starfseminnar á að notast í starfsemi sambandsins.

Fundi slitið.